Samþykkt þann
24. okt. 2018
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði




## BYGGINGARLÝSING:

**Almennt:** Í byggingunni eru tvö hesthús, annað fyrir 31 hest, hitt fyrir 13 hesta. Fóðurgeymsla er staðsett milli hesthúsanna, kaffistofa með snyrtingu er í hvoru húsi.. Í stíuskálunum eru tvær *raðir af stíum fyrir einn hest, hvor röð við sinn langvegg og ein* röð með gaflveggjum.. Stíugólf eru malarborin. Milli stíuraðanna er fóðurgangur með steyptu gólfi. Á langvegg að gerði eru einfaldar dyr með tvískiptum hurðum inn á fóðurganga og tvöfaldar dyr að stíuröðunum. Stíuveggir meðfram fóðurgöngum eru steyptir. Milli stía eru lausar járngrindur. Það er hreinsað með mokstursvél og eru grindur þá teknar upp. Vélin losar í taðþrær aftast í lóð eða aðfluttan gám sem aðeins stendur við gafl meðan mokað er út.
Fóðurgeymsla er með tvöföldum dyrum sem snúa beint að götu annars vegar og að gerði hins vegar. Bílastæði eru staðsett beggja vegna innkeyrslu í Fóðurgeymslu, þrjú annars vegar, fimm hins vegar, alls átta stæði.
**Undirstöður:** Steinsteyptar.
**Gólf:** Fóðurgangar, fóðurgeymsla og kaffistofa eru með steyptum gólfum, önnur gólf með möl eða leirbornum sandi.
**Veggir:** Útveggir eru steinsteyptir 16 cm þykkir, einangaraðir *að utan með*
100 mm steinull og klæddir báraðri málmklæðningu. Brunaheldir innveggir eru steinsteyptir 16 cm þykkir.
**Gluggar:** eru úr timbri, ísteyptir.
**Þak:** Sperruþak á tveimur burðarbitum eftir endilöngu, einum undir hvorum þakhelmingi. Timburstoðir eru undir burðarbitum. Klætt að utan og innan
*með báraðri málmklæðningu. Brunamótstaða klæðningar er* a.m.k. R30. **Þakgluggar**: með vélrænni loftræstingu eru í mæni.
**Litir:** Veggir og þak græntóna að utan,
ljósgráir að
innan, hurðir og gluggar hvítir, gerði galvaniserað, ómálað.
**Gerði:** 50 mm járnrör, hæð 150 cm. Ef plaströr, þá með rafstreng á þeirri hlið sem snýr inn í gerðið.




Breytt 15.08.2018 REYNDARTEIKNING
Breytt 15.06.2001 [illegible]

Sörlaskeið 24, Hafnarfirði 001

| BREYTT: | DAGS: | LÝSING: |
| --- | --- | --- |
| | 15.03.2000 | |

ÞRIÐJA HÆÐIN, ARKITEKTAR – SIGURÞÓR AÐALSTEINSSON FAÍ
STRANDGÖTU 28 220 HAFNARFIRÐI
SÍMI: 555 46 10 FAX: 565 48 31
KT:250144-3039

ÚTLIT, AFSTÖÐUMYND
AÐALTEIKNINGAR